



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 - Kennitala 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

15. fundur 6. mars 2017 kl. 19:00 í Atvinnu- og samgöngumálanefnd á Hestakránni

Fundinn sátu Bjarni H. Ásbjörnsson, Björgvin Þór Harðarson, Matthildur María Guðmundsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Anna Björk Hjaltadóttir, Iðunn Pálsdóttir og Edda Pálsdóttir. Fundargerð skrifaði Matthildur.

1. Rætt um fund Gjalpar og fund sveitarfélagsins sem ráðgjafar frá SASS stjórnunni. Kynnt áætlun um að halda haustfund í október þar sem kynnt yrðu drög að stefnu sveitarfélagsins í atvinnumálum. Rætt um áhyggjur fólks af húsnæðisvanda og að landbúnaðarland fari undir sumarhús eða fari í eigu aðila sem ekki tengjast samfélaginu beint. Leiguheimili – leið til uppbyggingar húsnæða - kynnt fyrir stjórn Gjalpar. Gjalp kynnti hugmyndir um skrifstofuhúsnæði þar sem einyrkjar og þeir sem vinna í fjarvinnu gætu komið saman og leigt herbergi eða skrifstofu. Hugbúnaðargeirinn er tekjuhátt fólk sem væri gott að fá í sveitarfélagið. Hugmyndir um hvort hægt væri að bjóða upp á grunnnámskeið í forritun. Hægt væri að halda hugmyndasmiðjur um ákveðið efni – t.d. ferðaþjónustu, hugbúnaðarfyrirtæki o.fl. Gjalp hefur sérstakan áhuga á skrifstofuhúsnæði, Þjórsárdalnum, Gjánni og hugbúnaðargeiranum.
2. Önnur mál. Engin önnur mál.

Ákveðið að funda í Árnesi sunnudaginn 23. apríl 2017 stjórn Gjalpar og Atvinnu- og samgöngumálanefnd. Þá á að velja 3 atriði sem fjallað verður nánar um í atvinnustefnu.

Fundi slitið kl. 19:50.

---

Bjarni H. Ásbjörnsson, form.

---

Matthildur María Guðmundsdótt

---

Björgvin Þór Harðarson